

Fundur 27.1.2025 Arthur Schopenhauer heimspekingur.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Vona ég að góð orka ríki á Íslandi og vona ég að þjóðin verði samtaka um hin miklu mál og er það sama hvort við höfum notið frægðar eða ekki, að við göngum öll í gegnum lífsbrautina og þar skiptast á hæðir og lægðir.

Og get ég með sönnu sagt að allar mínar bestu hugmyndir og rit sem ég afrekaðir, eru byggð á því samspili sársauka og sigurs, sem ég upplifði.

Og var að um skeið þannig í framlífi að mér varð ekki mikið úr verki, þar sem ég var svo upptekinn að taka á móti gestum ásamt konu minni, að ekki vannst tími til að starfa og sumuleiðis lifðum við í því þjófélagi, í þeirri blekkingu að öll hin mestu afrek manns andans væru fram kominn og ekki þyrfti mikið meira að hrófla við því.

En síðan kom ég á annan framlífs hnött, þar sem fyrir voru þjóðir, þjóðir og þjóðarbrot sem liðu skort og sem áttu í deilum og erfiðleikum.

Og fór ég þá aftur að hugsa um rit mín og það sem hafði hvatt mig til að leita svara við lífsins gátum, og fór þá aftur að hellast yfir mig, mín gamla bölsýni, ef ég má orða það svo, sem eiginlega varð hvatí að uppgötvunum mínum í heimspeki.

Og komst ég þá að því, að í alsnægtunum hefðu orðið til önnur vandamál sem mér hafði ekki dottið í hug, á sínum tíma.

En var ég þá staddur í þjóðfélagi sem var all tæknivætt og lenti ég þá aftur í því, sem ég hafði þekkt úr ykkar jarðlífi, þegar ég var á jörðinni, í ykkar frumlífi, að ekki hlustuðu allir í fyrstu, á það sem ég hafði fram að færa.

En að því kom í framlífi þessu að erfiðleikar urðu í efnahagslífinu og þurfti þá þjóðin að snúa við, og eignaðist ég þá nýjan lesenda hóp, og varð það til þess að ég fékk aftur stöðu brautryðjanda og frumhugsuðar á þeim hnetti, og verð ég þó að taka það fram að margir aðrir eiga heiðurinn af þeim endurbótum sem urðu á okkar menningu á okkar framlífs jörð.

Rifja ég upp þessa fortíð mína á þriðju framlífs jörð minni, þar sem ég hef kynnt mér ykkar mál, menningar ykkar, og virðist mér þar sem stöðnun og mótstaða sé gegn nýjum hugsunum, eins og Helgi Pjeturss orðaði það, og tel ég að þið eigið heimspekinga og hugsuði sem þurfa að fá meiri meðbyr og stuðning fjöldans og kærleika Krists og margskonar kærleiks boðorð þurfi að vera betur virt.

Vil ég segja ykkur frá því, að reynt er að senda nýja orku til jarðarinnar, um þessar mundir og mun hún jafnvel opna einhverjar flóðgáttir, og þurfið þið að vera mjög sveigjanleg og tilbúin að miðla af ykkur orku og visku, þegar fram líða stundir.

Þar sem menning ykkar er komin á það stig, að ýmsir munu vera með gylliboð á vegum tækninnar, og er það úrslita stund á ykkar jörð, áður en, er það úrslita stund að upp rísi hópur sem lætur ekki tæknina stjórna sér, heldur stjórnar tækninni.

Og setur frá sér farsíma og hvað þið kallið það, snjallsíma og annað, og þið hefjið aftur heimspekilega leit að sannleikanum og kærleiks boðorð Krists og annað slíkt verði í fyrsta sæti, þar sem Jahve mun reyna að koma til jarðarinnar og þurfið þið að vera tilbúinn og munu, það eru bæði góðar og slæmar verur sem eru komnar á hærri orku tíðni, sem reyna að hafa áhrif á atburði þá sem gætu nálgast.

Og þurfið þið að taka vel á móti orkunni. Og hér var eitt samband sem komst ekki í gegn, en bíður það betri tíma, hann bað mig að, kom hann fram á okkar hnetti, samtímis því sem annað samtál talaðist í gegn hjá ykkur, og er það gamall Nýalssinni, sem er mjög öflugur og munið þið hafa mikið gagn af því að hlýða á hann síðar.

Var hann einnig miðill hjá ykkur, Sigurður Ólafsson, vildi hann koma þeim skilaboðum á framfæri, hann útskýrir það betur sjálfur, en hef ég það eftir honum að þið þurfið að taka á móti kvennorkunni og samstillast þeim konum sem komast til valda, og aðeins með því móti verði hægt að íslenska þjóðin samstillist og gangi inn í spádóma þá sem þurfa að rætast.

Að fram komi einstaklingar á ykkar landi sem munu leiða og aðstoða á komandi tímum sem gætu haft ákveðnar þrengingar í för með sér, en einnig möguleika.

Og þurfa Íslendingar að taka þátt í því að leiða til lykta ákveðið vandamál, get ég ekki farið nánar út í þetta að sinni.

Hefur þetta verið ágætur fundur og orkan með ágætum, vildi ég einnig segja margt fleira við ykkur en verður það að bíða, hef ég oft talað, Schopenhauer.

Þakka ég fyrir mig og var það fyrir mestu að þetta kæmi fram, annað verður að bíða.

Kveð ég nú að sinni og þakka fyrir mig og höfum við fylgst með ykkur lengi og reynum að aðstoða, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*